

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2019  
UST201910-067/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka og vegagerð á Krakatindsleið. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. október sl. þar sem ítrekuð er ósk um umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Í framkvæmdinni felst að lagfærðir verða tveir ca. 100 m langir kaflar á Krakatindsleið. Til þess þarf að taka efni um 150 m<sup>3</sup> úr farvegi Helliskvíslar. Framkvæmdin er innan friðlands að Fjallabaki.

Hér er um litla framkvæmd að ræða og er markmið hennar að draga úr utanvegaakstri á þeim köflum Krakatindsleiðar sem hér um ræðir. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni þarf að liggja fyrir áður en ráðist verður í umræddar lagfæringar á Krakatindaleið.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri